



313. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 16. september 2021 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson, Viðar Garðarsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Ásdís Hjálmsdóttir Annerud var með á fundinum í gegnum Teams.

Dagskrá:

1. Málefni KSÍ

Forseti fór yfir stöðu mála. Hann skýrði frá því að ÍSí hafi borist erindi frá Knattspyrnusambandi Íslands þar sem óskað væri eftir því að ÍSí annist óháða skoðun á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna kynferðisofbeldismála sem tengst hafa leikmönnum í landsliðum KSÍ.

Forseti kynnti mögulega skipan nefndar um slíka skoðun/úttekt. Forseta veitt umboð til að ganga frá skipan úttektarnefndar ÍSí í samræmi við þær upplýsingar sem gefnar voru á fundinum. Framkvæmdastjórn fær sendar upplýsingar um endanlega skipan nefndarinnar áður en hún verður kynnt út á við.

Að störfum er starfshópur KSÍ sem vinnur að umbótum varðandi vinnulag, tengingu við samskiptaráðgjafa og fræðslu til allra hagaðila KSÍ, sem Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir stýrir.

2. Starfshópur ÍSí um verkferla, vinnubrögð og viðmið

Samþykkt að skipa starfshóp ÍSí um til að skoða ferla, vinnubrögð og heimildir til aðgerða þegar upp koma ásanir um brot innan íþróttahreyfingarinnar.

Eftirtaldir einstaklingar skipa starfshópinn:

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Eva Halldórsdóttir, Hörður Oddfríðarson og Haukur Örn Birgisson. Hópur þessi mun hafa samráð við samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs.

Almennar umræður urðu um málefnið.

Kolbrún Hrund rifjaði upp að samskiptaráðgjafi var þegar byrjaður að vinna að samræmingu verkferla og verklag hjá öllum aðilum er nýta þjónustu ráðgjafans, áður en ofangreind málefni KSÍ komu til sögunnar.

Samþykkt að senda upplýsingar til sambandsaðila um þá starfshópa sem að störfum eru um málefni tengd ofangreindu og hlutverk þeirra, til skýringar.

3. Fjárhagslegar upplýsingar

Gjaldkeri kynnti sjö mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ. Reksturinn er í góðu jafnvægi.

4. Fagsvið ÍSÍ

Pórey Edda Elísdóttir formaður fagráðs Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Málþing verður haldið með sambandsaðilum 27. september nk. um afreksmál. Fundað var síðastliðinn mánudag með A, B og C sérsamböndum og voru góðar umræður um afeksstefnu ÍSÍ. Undirbúningur fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking og Ólympíuhátíðir Evrópuæskunnar, bæði vetrar og sumar, er í fullum gangi. Búið er að staðfesta að drengjalandslið í handknattleik mun taka þátt í EYOF í sumar. Liðið var fyrsta varalið inn á hátíðina og þegar ein þjóðin féll út þá var Íslandi boðið sætið.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Göngum í skólann var sett formlega 8. september sl. í Norðlingaskóla. Yfir 70 skólar hafa skráð sig til þátttöku. Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram 11. september. Þátttaka var undir væntingum og framundan er frekari greining á viðburðinum. Hlaupið var nú í fyrsta skipti tengt Íþróttaviku Evrópu og haldið að hausti í stað júnímánaðar. Íþróttavika Evrópu verður 23.-30. september og er yfirlit viðburða að finna á samfélagsmiðlum verkefnisins.

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir verkefni sviðsins. Haustnámskeið þjálfaramenntunar ÍSÍ er að fara í gang og verður skráning á námskeiðið í gegnum Abler, sem er nýjung. Erasmus+ verkefnið (5 C's) er hafið og fyrsti fundur samstarfsaðila var hér á landi nýverið.

Ólympíuhlaupið var ræst formlega á Reyðarfirði í blíðskaparveðri og gengur skráning grunnskóla vel. Birgir Sverrisson framkvæmdastjóri Lyfjaeftirlits Íslands var með í för og bauð upp á fræðsluerindi varðandi neyslu orkudrykkja fyrir efri bekki Grunnskóla Reyðarfjarðar og einnig í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Stjórnendanámskeið ÍSÍ verður haldið 24.-26. september nk. í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

5. Framhaldsþing 75. Íþróttþings ÍSÍ

Þingið verður haldið í Gullhömrum í Grafarholti og verður þingsetning kl. 13:00.

Nefndarstörf fara fram í Íþróttamiðstöðinni 8. október kl. 16:00. Engin ávörp verða frá gestum en samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs hefur óskað eftir því að fá að halda stutta kynningu á starfsemi embættisins á þinginu. Samþykkt.

Farið yfir tillögurnar sem vísað var til framhaldsþingsins.

Gunnar Bragason kynnti tillögu að lagabreytingu á grein 19.1 í lögum ÍSÍ, varðandi skipulag fagsviða, með tilvísun í umræður og ákvarðanir 310. fundar framkvæmdastjórnar vegna stefnumótandi breytinga þar að lútandi. Með breytingunni er stjórninni gefið meira frelsi til að hagræða á skrifstofu ÍSÍ. Tillagan samþykkt.

Tillaga að breytingu á greininni hefur verið kynnt sambandsaðilum í útsendum gögnum en lögð verður fram frekari breyting á greininni í nefndarstarfi föstudaginn 8. október nk. í samræmi við það sem hér var kynnt.

Nokkrir sambandsaðilar hafa óskað eftir því að fá að gera breytingar á kjörbréfum, af ýmsum ástæðum. Þar sem um er að ræða framhaldspings þingsins 7. maí sl. þá verða sömu kjörbréf að gilda á framhaldspinginu. Það verða því ekki leyfðar breytingar á kjörbréfum utan útskiptingar aðalmanna og varamanna sem skráðir eru á kjörbréfin.

Farið yfir heiðranir sem samþykkt var á 303. fundi framkvæmdastjórnar að afhenda á 75. Íþróttabingi ÍSÍ og ákveðið var að framkvæmdar yrðu á framhaldspinginu.

Til viðbótar við þær heiðranir sem áður voru samþykktar var samþykkt að sæma á þinginu Björgvin Þorsteinsson og Sigurð Inga Halldórsson Heiðurskrossi ÍSÍ vegna þeirra langvarandi og góðu starfa í dómstólum ÍSÍ.

Samþykkt að sæma Sigríði Jónsdóttur Heiðurskrossi ÍSÍ og Þráinn Hafsteinsson og Lilju Sigurðurðardóttur Gullmerki ÍSÍ. Þau gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í stjórn ÍSÍ í vor.

Tveir einstaklingar verða útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ, samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ á 303. fundi stjórnar.

Samþykkt að bjóða þingfulltrúum og gestum til kvöldverðar og skemmtunar að loknu þingi.

6. Formannafundur ÍSÍ 2021

Samþykkt að boða til Formannafundar föstudaginn 19. nóvember 2021. Fundurinn verður haldinn á Teams í ljósi þess að framhaldspingið fer fram nú í októbermánuði. Nánara fyrirkomulag og dagskrá verður rætt síðar.

7. Nordic Sports Meeting á Álandseyjum

Forseti skýrði frá árlegum samnorraenum fundi íþrotta- og Ólympíusamtaka á Norðurlöndum, sem hann, gjaldkeri, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sóttu á Álandseyjum 9.-12. september sl. Góðar umræður voru á fundinum um ýmis hagsmunamál svo sem hagræðingu úrslita, veðmál, stefnumótun EOC og fleira. Samþykkt var á fundinum að fundirnir yrðu hér eftir sólarhringsfundir og haldnir á aðgengilegum stöðum. Stefnt er að því að haldnir verði þrír fjarfundir á milli funda.

8. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála. Ný reglugerð tekur gildi 18. september og gildir a.m.k. til 6. október nk.

9. Heiðranir

Samþykkt að sæma Áslaugu Sigurjónsdóttur fráfarandi stjórnarkonu Lyfjaeftirlits Íslands Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu lyfjaeftirlits í íþróttahreyfingunni. Merkið verður afhent á aðalfundi Lyfjaeftirlits Íslands 30. september nk.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 310., 311. og 312. fundur framkvæmdastjórnar

11. Viðburðir framundan

Farið fyrir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næstu fundir framkvæmdastjórnar verði fimmtudagana 7. október, 28. október og 18. nóvember.

13. Önnur mál

Merkingar á Kvannahlaupsbolnum

Valdimar Leó Friðriksson spurðist fyrir um ástæðu þess að merki ÍSÍ og merki samstarfsaðila var ekki á Kvannahlaupsbolnum.

Viðar Garðarsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs svaraði fyrirspurninni og vísaði til samþykktar sviðsins og framkvæmdastjórnar þar að lútandi. Í ljósi umhverfissjónarmiða þá var þess freistað að bolurinn gæti nýst kaupendum betur og lengur ef ekki væru auglýsingar á honum heldur einungis smekklega hannað merki með einkunnarorðum hlaupsins í ár.

Valdimar Leó óskaði eftir því að ákvörðunin um engin merki á bolnum verði endurskoðuð. Umræður urðu um málið.

Óformlegar heimsóknir til sérsambanda í Íþróttamiðstöðinni

Garðar Svansson lagði til að framkvæmdastjórn fari reglulega í heimsóknir til sérsambanda í Íþróttamiðstöðinni. Mikil þörf væri á því að stjórnin hitti fólkið í húsinu til skrafs og ráðagerða. Fundarmenn tóku vel hugmyndina.

Kveðjur

Forseti vísaði til þess að þessi fundur væri síðasti fundur Líneyjar Rutar í starfi framkvæmdastjóra ÍSÍ. Hann þakkaði henni fyrir allt það frábæra starf sem hún hefur innt af hendi sem framkvæmdastjóri sambandsins og einstaklega gott samstarf.

Líney Rut færði forseta og stjórninni sömuleiðis bestu þakkir fyrir samstarfið þessi ríflegu 20 ár sem hún hefur samtals starfað fyrir ÍSÍ.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari